

Skipulagsstofnun
B.t. Jakob Gunnarsson
jakob@skipulag.is
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hella 22. febrúar 2019
UST201902-165/J.S.J.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Skíðasvæði í Bláfjöllum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 15. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um viðbótargögn varðandi hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Bláfjallasvæðið er friðlýst skv. auglýsingum um fólkvang í Bláfjöllum nr. 173/1985 í B-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt auglýsingunni er óheimilt að gera á svæðinu jarðrask nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Hverskonar mannvirkjagerð er háð samþykki stofnunarinnar.

Fyrri umsögn Umhverfisstofnunar varðandi matskyldu framkvæmdarinnar

Í umsögn Umhverfisstofnunar frá 30. október sl. telur stofnunin að helstu umhverfisáhrif framkvæmda í Bláfjöllum snúi annars vegar mannvirkjagerð og raski á jarðminjum og hins vegar mögulegum áhrifum á vatnsvernd á rekstrartíma, en skíðasvæðið er á fjarsvæði vatnsverndar.

Umhverfisstofnun telur í umsögn sinni að frekari uppbygging í Bláfjöllum muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér umfram það sem þegar er orðið. Varðandi vatnsvernd telur Umhverfistofnun þörf á vöktunaráætlun fyrir Bláfjallasvæðið til að fylgja eftir mótvægisáðgerðum sem tilgreindar eru í fyrirliggjandi áhættumati vegna uppbyggingar í Bláfjöllum og við Þríhnúkagíg. Ganga þurfi úr skugga um vatnaskil á bílastæðum.

Jarðfræði og jarðminjar

Helstu jarðminjar á svæði sem afmarkast af Heiðinni háu, Eldborg og Bláfjöllum eru móbergshryggir, brot, hraun og gígar. Hvorki jarðhiti né lindir eru þekktar á svæðinu, enda er svæðið mjög gropið og því hripar úrkoma niður í berggrunninn. Svæðið er í austurjaðri sprungureinar sem kennið er við Brennisteinsfjöll og hefur gosið á henni nokkrum sinnum eftir landnám.

Umhverfisstofnun telur að svæðið falli undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en svæðið er nú þegar raskað að hluta.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Samkvæmt 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingaleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Viðbrögð framkvæmdaaðila

Í greinagerð framkvæmdaaðila koma fram viðbrögð við athugasemnum umsagnaðila. Umhverfisstofnun gerði athugasemdir varðandi grunnvatnsskil, grunnvatnsstrauma, áætlun um vegabætur, um bílastæði, vöktun á gæðum vatns, um frárennsli og um snjóframleiðslu og um samantekt vöktunaráætlana.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að viðbrögð framkvæmdaaðila við umsögn stofnunarinnar séu fullnægjandi. Umhverfisstofnun vill áréttu að skv. auglýsingunni um fólkvanginn þá er jarðrask á svæðinu óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar og jafnframt þá er hverskonar mannvirkjagerð háð samþykki stofnunarinnar.

Að framansögðu bendir stofnunin á að tilgangur með stofnun fólkvangsins í Bláfjöllum var að skipuleggja svæðið til skíðaiðkunnar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að vandað verði til verka, að jarðminjum sé hlíft eins og kostur er og skerðingu á þeim verði haldið í lágmarki.

Með vísan í framangreint telur Umhverfisstofnun að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Sérfræðingur